

# 359. fundur Skólanefndar FS

## 18. maí 2022



**Mættir:** Bjarni Páll Tryggvason formaður, Einar Jón Pálsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Helga María Finnbjörnsdóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Guðmundur Rúnar Júlíusson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðlaug Pálsdóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Útskrift.
  2. Breytingar á starfsliði.
  3. Staðan.
  4. Önnur mál.

### 1. Útskrift.

Skólameistari sagði frá útskrift vorannar sem verður laugardaginn 21. maí. Að þessu sinni útskrifast 110 nemendur. Nefndarmenn voru hvattir til að mæta á útskriftina.

### 2. Breytingar á starfsliði.

Skólameistari sagði frá breytingum á starfsliði. Axel Sigurbjörnsson, Ása Einarsdóttir, Þórunn Svava Róbertsdóttir og Lovísa Larsen hætta störfum, Hlynur Ómar Svavarsson fer í launað námsleyfi og Anna Karlsdóttir Taylor og Ester Þórhallsdóttir verða í launalausum leyfi. Búið er að auglýsa lausar kennarastöður. Einnig er búið að auglýsa stöður fagstjóra, námstjóra og verkefnastjóra innan skólans. Staða aðstoðarskólameistara hefur einnig verið auglýst en hún er laus til umsóknar á fimm ára fresti.

### 3. Staðan.

Skólameistari sagði frá stöðu mála og ræddi þar fjárhagsstöðu skólans. Verið er að vinna að jafnlaunaúttekt en launamunur kynja er 0,87% sem þykir mjög lítið. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með þessa niðurstöðu. Búið er að senda svör við spurningum ráðuneytis um fyrirhugaða stækkun verknámsaðstöðu en engin viðbrögð hafa borist. Skólameistari ræddi einnig hugmyndir um framtíðarhúsnæði skólans. Verknámssmiðjur fyrir nemendur vinnuskóla verða ekki í sumar eins og undanfarin sumur en Reykjanesbær vildi ekki taka þátt í þetta sinn. Skólameistari sagði frá starfsemi Menntanets Suðurnesja en þar hefur verið ákveðið að leggja áherslu á verkefni til að styðja nemendur af erlendum uppruna. Verið er að skoða að koma upp verkefnaíðudu námi fyrir eldri nemendur sem hafa áhuga á að fara í verk- og starfsnám.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'GFP', 'HPP', 'FJP', and 'HMF'.

4. Önnur mál.


a) Guðmundur Rúnar, formaður nemendafélagsins, sagði frá starfsemi félagsins á önninni. Starfsemi félagsins fór loksins í fullan gang eftir annir þar sem samkomutakmarkanir höfðu mikil áhrif.


Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Bjarni Páll Tryggvason, formaður

  
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

  
Gunnar Valdimarsson

  
Guðlaug Pálsdóttir, skólameistari

  
Einar Jón Pálsson

  
Helga María Finnbjörnsdóttir

  
Guðmundur Rúnar Júlíusson

  
Guðmann Kristþórsson, fundarritari